

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 7. nóvember 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Sigrún Birna Björnsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara, var gestur undir 2. lið. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Málræktarþing 15. nóvember – lokayfirferð

Farið var yfir lokaundirbúning fyrir málræktarþingið 15. nóvember og formaður fór yfir verklista. Ákveðið var að láta prenta 200 eintök af ályktuninni, dreifa henni á þinginu, til alþingismanna og einnig á fyrirhuguðu þingi ÍM um lestur í febrúar (sjá 2. lið).

### 2. Málþing í febrúar

Sjá fg. ÍM 2/2017, lið 5. Ákveðið hefur verið að hætta við fyrri áform og halda til streitu fyrri ákvörðun um að halda málþing um lestur ungmenna 7. febrúar í Ármúlaskóla. Stefnt er að því að hafa það á skólatíma (hefst kl. 14 eða 14.30). Flutt verða fimm stutt erindi af fulltrúum frá Félagi bókaútgefenda, Samtökum móðurmálskennara, Barnabókasetri á Akureyri og tveimur framhaldsskólanemendum. Einnig verður óskað eftir því að menntamálaráðherra ávarpi þingið. Því næst verða hringborðsumræður við þrjú borð. Á hverju borði verða fimm nemendur, einn frá Félagi bókaútgefenda, einn frá rithöfundum, einn frá Samtökum móðurmálskennara, samtals átta. Gert er ráð fyrir um háltímaumræðum. Ritari verður á hverju borði sem skilar skýrslu. Niðurstöðurnar af borðunum þremur verða dregnar saman og þær birtar og m.a. kynntar opinberlega. Þröstur sagði frá því að RÚV hygðist gera þátt fyrir útvarp um málþingið.

Mikilvægt væri að örva samtöl ungmenna og útgefenda um hvaða bækur þau vilja. MS hefur samþykkt að sjá um veitingar á þinginu.

### 3. Fundur með Samtökum atvinnulífsins

Ákveðið var að senda bréf til Samtaka atvinnulífsins og ýmissa annarra samtaka og óska eftir samræðufundi með þeim 18. janúar í Þjóðmenningarhúsi. Vísað verður til fyrra bréfs til þeirra frá 24. maí 2017. Bæta þarf Félagi atvinnurekenda og Ferðamálastofu við þau samtök sem áður hafði verið haft samband við. Hnykkja þarf á lögum um íslenska tungu og samtök hvött til að setja sér málstefnu. Steinunn sagði að mikilvægt væri fyrir ásýnd lands og þjóðar að sýnt sé að hér búi þjóð með þjóðtungu. Ef vel gengur þá væri hægt að stefna að því að funda aftur með þessum samtökum.

### 4. Önnur mál

#### a) Túlkun laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls 61/2011

Formaður greindi frá því að svar hefði loks borist við bréfi um Isavia (sjá hér fyrir aftan). Ármann sagði það vandamál hversu lögin um íslenska tungu væru túlkuð þröngt af stjórnkerfinu. Í bréfi innanríkisráðuneytis kæmi m.a. fram að það telji að ákvæði laganna eigi ekki við Isavia ohf. en hins vegar til annarra flugvalla en Keflavíkurflugvallar „enda eru þeir reknir að stærstum hluta fyrir

opinbert fé“. Skýra þyrfti valdsvið laganna og gera kröfu um það að í þjónustusamningum ríkisins væru sett ákvæði um að fylgt yrði lögum um íslenska tungu.

Samþykkt var að senda bréf til fjármálaráðuneytis þar sem í fyrsta lagi yrði óskað eftir því að valdsvið laganna verði skýrt og í öðru lagi farið fram á að í þjónustusamningum ríkisins við opinber hlutafélög verði ákvæði um að þau fylgi lögum um íslenska tungu og setji sér málstefnu.

*b) Þáttaröð um íslensku í Ríkisútvarpinu og annað efni um íslensku*

Þróstur greindi frá því að í undirbúningi væri þáttaröð um íslensku sem flutt yrði í Ríkisútvarpinu í umsjón Ævars Kjartanssonar og Péturs Gunnarssonar.

Hilmar sagði að það vantaði stutta þætti um íslensku í svipuðum dúr og þátturinn *Daglegt mál* sem lengi var í útvarpinu. Slíkt efni hefði alltaf verið vinsælt.

*Bókuð bréf:*

Íslenskri málnefnd barst bréf, dags. 18. október 2017, frá innanríkisráðuneyti. Bréfið var undirritað af Sigurbergi Björnssyni og Gunnar Erni Indriðasyni fyrir hönd samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Afrit var sent Birni Óla Haukssyni, forstjóra Isavia ohf. Bréfið var svar við bréfi Íslenskrar málnefndar (frá 17. júní 2016) þar sem vakin var athygli ráðuneytisins á framsetningu íslenskrar tungu á skiltum á flugvelli. Ráðuneytið tilgreinir að engar greiðslur renni til Isavia ohf. á grundvelli þjónustusamnings. Ákvæði 8. gr. 1. nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs eigi því að mati ráðuneytisins ekki við um starfsemi Isavia. Það tekur þó undir sjónarmið málnefndarinnar um framsetningu á skiltum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Jafnframt telji það að það hafi ekki truflandi áhrif á þá farþega sem ekki skilja íslensku þó að íslenska komi fram á undan öðrum tungumálum enda tíðkist slíkt í nágrannalöndum Íslands án vandkvæða.

Íslenskri málnefnd barst bréf, dags. 20. október 2017, frá Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands. Bréfið var svar við bréfi Íslenskrar málnefndar (frá 16. október 2017) sem sent var að hvatningu Védísar Ragnheiðardóttur (sjá fg. stj. ÍM 8/2017, lið 5). Hún hafði bent á að upplýsingar um kynningarfund doktorsnema við HÍ hefðu eingöngu verið á ensku. Rektor sagðist taka ábendingunni fagnandi „enda tekur skólinn stefnuna alvarlega og leitast við að fylgja henni eftir af kostgæfni.“ Hann hyggst taka þetta mál upp á fundi með forsetum fræðasviða og sviðsstjórum sameiginlegrar stjórnsýslu.

Fundi lauk kl. 16.15.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.